

Valgreinar í 6. bekk 2023-2024

Nemendur athugið að aðeins er hægt að fara í eina utanlandsferð. Ef nemandi velur tvær greinar þar sem um ferðir er að ræða þarf að velja um aðra hvora ferðina. Ef nemandi fer ekki í ferð sem gildir til eininga þarf hann að vinna verkefni í staðinn.

Allir áfangarnir eru 3 kennslustundir (5 einingar) á viku nema að annað sé tekið fram.

Gerð er krafa um 85% mætingu að lágmarki nema að annað sé tekið fram. Ef nemandinn uppfyllir ekki mætingarskyldu um jól hefur hann sagt sig úr áfanganum.

Danska (tveir tímar á viku og ferð)

Kaupmannahöfn - dönsk menning - kvikmyndir

Undanfari: stúdentspróf í dönsku.

Að loknum valáfanga hefur nemandi með stúdentspróf í dönsku frá málabraut MR hlotið samtals 15 (f) einingar og af náttúrufræðibraut MR samtals 10 (f) einingar. Námskeiðið er ætlað þeim nemendum sem hafa áhuga á að bæta þekkingu, leikni og hæfni á dönsku talmáli, danskri menningu og gildum ásamt orðaforða, ritun og skilningi. **Námskeiðið er sérstaklega ætlað þeim sem hafa áhuga á frekari námi í Danmörku (og öðrum norðurlöndum) að loknu stúdentsprófi en að auki þeim, sem vilja bæta dönskukunnáttu sína almennt. Áfanginn byggir á kennslu í tímum ásamt vettvangsnámi. Ef aðstæður leyfa verður farin 3 náttu ferð til Kaupmannahafnar þar sem við kynnumst borginni frá sjónarhorni fortíðar og nútíð, menningu og listum, Íslendingaslóðum og ekki síst dönskum háskólum.**

Námsefni

- Valdar danskar kvikmyndir
- Danskir sjónvarpsþættir
- Danskar fréttir og fréttatengdir þættir
- Þættir og ljósrít um sögu Danmerkur
- Háskólar í Danmörku
- Íslendingaslóðir í Kaupmannahöfn / tengsl Dana við Ísland

Markmið áfangans

Samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla fyrir hæfniprep 2. (B2 í viðmiðum Evrópsku tungumálamöppunnar).

Nemandi skal m.a. hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grundvallaruppbyggingu danska þjóðfélagsins
- viðhorfum og gildum í Danmörku og hvernig þau móta samfélagið
- orðaforða, orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða

Nemandi skal m.a. hafa öðlast leikni í að:

- lesa margs konar gerðir texta
- taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málfari við hæfi
- tjá sig skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið
- skrifa margs konar texta, formlega og óformlega, og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu

Nemandi skal m.a. geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni, hvort sem hann þekkir umræðuefnið eða ekki
- skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna, jafnvel um tiltölulega flókið efni, ef hann þekkir vel til þess
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynnt, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar, og bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra
- lesa á milli línana, átta sig á dýpri merkingu í texta
- taka þátt í skoðanaskiptum, færa rök fyrir máli sínu og svara mótbárum og gagnrökum á viðeigandi hátt
- eiga frumkvæði í samræðum og bregðast við óvæntum spurningum og athugasemdum.

Kennsluhættir - vinnulag

Nemendur vinna einstaklingsbundið og í hópum eftir eðli og umfangi verkefnisins.

Horfa- hlusta: Sýndar verða kvikmyndir, fréttabættir, annað efni, og m.a. hlustað eftir samtölum, mismunandi málnotkun og skoðað það félagslega, menningarlega og landfræðilega umhverfi sem kynnt er.

Les- tala: Nemendur lesa ýmislegt almennt og sértækt efni sem varðar t.d. sögu Danmerkur, Íslendingaslóðir í Kaupmannahöfn, danskar kvikmyndir og sögu þeirra. Nemendur fylgjast einnig sjálfstætt með fréttum af því sem gerist og miðla því til hópsins í umræðum, fyrirlestrum, gagnrýni og kynningum.

Skrifa: Kvikmyndagagnrýni, umræður á netinu, kynningar á leikurum/leikstjórum og verkum þeirra, nemendur [færa minnisbók](#), [vettvangslýsingar](#).

Námsmat

Símat: 2-3 verkefni á hvorri önn ásamt vettvangsverkefnum.

Námseinkunn: 50%, mæting 50% Log-bók

Nemendur sem kjósa ekki að taka þátt í Kaupmannahafnarferð skrifa ritgerð.

Kennarar setja allt námsefni inn á Innu og að auki allar upplýsingar er varðar námið. Nemendum ber skylda til að fylgja eftir námsáætlun og gera öll þau verkefni sem eru tilgreind og skrifa í Log bók, einnig ef nemandi er fjarverandi.

Kennarar: Laufey Jóhannsdóttir og Magdalena M. Ólafsdóttir

Eðlisfræði fyrir náttúrufræðideildir

Markmið

Að auka kunnáttu og skilning nemenda í eðlisfræði. Námskeiðið er undirbúningur fyrir raungreinánám á háskólastigi og þetta viðbótarnám mun einnig bæta möguleika nemenda á að komast inn í nám erlendis þar sem góð kunnáttu í eðlisfræði er eitt af inntökuskilyrðunum.

Námsefni

Skriðþungi. Tvívíð hreyfing, hringhreyfing, lögmál Keplers, þyngdarlögmál Newtons og snúningshreyfing. Segulfræði: m.a. Lorentzkraftur, spanlögmál Faradays og riðspenna, tengd spani. Að lokum er viðfangsefnið

upphaf nútímaeðlisfræði, m.a. sértæka (takmarkaða) afstæðiskenningin, skömmtun rafsegulorku og kjarneðlisfræði.

Kennsluhættir

Efnið er útskýrt og nemendur reikna dæmi. Nemendur vinna heimadæmi og verkefni. Nokkrar skriflegar æfingar verða yfir veturinn. Nokkrar sýnitilraunir í eðlisfræðistofu.

Kennsluefni: Gefið upp síðar.

Námsmat

Árseinkunn byggir á þátttöku í kennslustundum og frammistöðu í æfingum. Prófseinkunn verður byggð á frammistöðu í æfingum, heimadæmum og verkefnum.

Efnafræði fyrir Eðlisfræðideildir

Meginmarkmið námskeiðsins er að fara í efni kennslubókarinnar “Essentials of Chemistry the Central Science” sem ekki var hægt að fara í á 2. ári í eðlisfræðideildum. Er það efni eins og varmafræði; óreiða og fríorka (19 kafli), rafefnafræði (20. kafli), millisameindakraftar (11. kafli), lífræn efnafræði (24. kafli) og hraðafræði (14. kafli). Jafnframt er stefnt að því að nemendur geta kosið um að farið verði í eitt eða fleiri af völdu námsefni í efnafræði.

Kennslustundir eru þrjár á viku þar sem kennari fer yfir námsefnið með nemendum og verkefni eru leyst. Mögulega verða einhverjar verklegar æfingar sem tengjast námsefninu. Einnig verður reynt að fá gestafyrirlestra eða heimsótt verða fyrirtæki eða stofnanir sem tengjast námsefninu.

Námsmat: byggir á heima- og tímaverkefnum, skriflegum æfingum og símati kennara. Engin haust- eða vorpróf verða í námskeiðinu.

Kennari: Már Björgvinsson

Erfðafræði og líftækni fyrir nemendur á náttúrufræðibraut

Markmið

Nemandi læri m.a. um;

- Uppbyggingu litninga og gena í lífverum
- Byggingu og eftirmyndun DNA
- Umritun á DNA (myndun RNA)
- Próteinþýðingu
- Genastjórnun og tjáningu gena
- Stökkbreytingar á erfðaefni og helstu orsakir þeirra
- Erfðagalla og erfðasjúkdóma
- Erfðaþætti og prótein sem tengjast krabbameinum og erfðamynstur þeirra
- Framþróun í notkun erfðatækni í lækningaskyni (genalækningar o.s.frv.)
- Stofnfrumur og stofnfrumurannsóknir
- PCR-tækni til mögnunar og greininga á kjarnsýrum
- Rafdráttartækni til greininga á kjarnsýrum og próteinum
- Skerðingu DNA með skerðiensímum og skerðibútagreiningu
- Aðferðir við skimun á meingenum
- Genaklónun, tjáningu klónaðra gena og hreinsun á próteinafurðum þeirra
- Raðgreiningu á DNA

Kennsluhættir

Kennslustundir eru 3 í viku þar sem kennari fer yfir námsefnið með nemendum. Nemendur flytja fyrirlestur einu sinni yfir árið um viðfangsefni að eigin vali sem tengist erfðavísindum. Þar fá nemendur t.d. þjálfun í að afla heimilda í fagtímaritum og gagnagrunnum í vísindum.

Einnig verða einhverjar verklegar æfingar þar sem nemendur t.d. einangra DNA, framkvæma rafdrátt á DNA og/eða klóna gen inn í bakteríur. Stefnt verður einnig að því að fá gestafyrirlesara eða heimsækja fyrirtæki eða stofnanir sem stunda rannsóknir í erfðavísindum og tengdum vísindagreinum.

Námsmat

Ekkert haust- eða vorpróf verður í námskeiðinu heldur verður símat notað við ákvörðun á námseinkunn. Gert er ráð fyrir fjórum skriflegum æfingum yfir kennsluárið.

Franska – París, menning, saga og daglegt líf (tveir tímar á viku og ferð)

Námskeiðið er ætlað nemendum sem lokið hafa tveimur árum í frönsku og fyrir frönskunemendur í 6. bekk í máladeild. Markmið áfangans er að auka færni nemenda í að nota tungumálið við mismunandi aðstæður í daglegu lífi, bæði skriflega og munnlega, þjálf þá í skilningi á töluðu og skrifuðu efni og kynna París, sögu borgarinnar og ýmsar hliðar menningar Frakklands. Í þessum áfanga er lögð áhersla á fjölbreytni í efnisvali og ætlast er til að nemendur sýni meira sjálfstæði en fyrr í að afla sér upplýsinga og nýta sér hina ýmsu miðla.

Aðal viðfangsefni áfangans er París. Mun námsefnið á árinu tengjast borginni, sögu hennar, menningu, listum og daglegu lífi í frönskumælandi landi. Nemendur munu vinna með ýmss konar efni tengt borginni, lesa mismunandi texta, horfa á stuttmyndir og kvikmyndir, vinna með lagatexta og æfa samskipti. Til að þjálf þessi atriði munu nemendur vinna margsskonar samtalsverkefni, halda kynningar um ýmislegt sem tengist borginni, sem og önnur verkefni.

Námsmat

Er símat sem byggir á skilaverkefnum, frammistöðu nemenda í tímum, hóp- og einstaklingsverkefnum, fyrir, í og eftir ferð og stóru lokaverkefni. Öll verkefni og próf gilda til lokaeinkunnar. Einnig er farið fram á fulla mætingu og kemur einkunn fyrir mætingu inn í lokaeinkunn.

Á vormisseri munu nemendur og kennarar fara í nokkurra daga ferð til Parísar. Þar verður farið í skoðunarferðir, nemendur kynnast lífinu í borginni, samgöngukerfinu og afla sér efnis sem nýtt verður í lokaverkefni áfangans.

Eftir heimkomu munu nemendur vinna að lokaverkefninu og halda kynningar byggða á reynslu sinn af ferðinni. Skyldupáttaka er í ferðina.

Kvikmyndaenska

Markmið

Kennd verða undirstöðuatriði í kvikmyndafræði, ásamt því að auka enskukunnáttu.

- Fyrri hluta vetrar verður farið í kvikmyndir frá 8. og 9. áratugunum. Seinni hluta vetrar verður farið í samtímakvikmyndir sem eru undir áhrifum frá kvikmyndum fyrri hlutans.
- Þannig verða bornir saman leikstjórar á borð við Quentin Tarantino, Brian De Palma og Martin Scorsese; Wes Anderson og Peter Bogdanovich; Robert Altman og Paul Thomas Anderson; Sofia Coppola og Francis Ford Coppola; JJ Abrams og Steven Spielberg, o.s. frv.
- Nemendur munu lesa greinar um kvikmyndir og kvikmyndahöfunda á ensku.

Námið í heild er hugsað sem undirbúningur fyrir háskólanám á ensku, þá sérstaklega hugvísindi. Einnig er því ætlað að veita nemendum innsýn í þróun „Hollywood“ kvikmynda síðustu áratuga. Námið ætti að henta bæði hörðum kvikmyndaáhugamönnum sem og nemendum sem hafa áhuga á að auka þekkingu sína.

Námsmat

Námsmat byggist á símati. Athugið að þar sem áfanginn er símatsáfangi er farið fram á fulla mætingu og kemur einkunn fyrir mætingu inn í lokaeinkunn.

Kennari: Hilmar Guðlaugsson

Kynjafræði

Kynjafræði er þverfagleg grein sem á rætur sínar að rekja til kvennafræðanna, en þar var varpað ljósi á stöðu kvenna í heiminum. Farið verður í námsefnið með vefbók sem heitir **Kynjafræði fyrir byrjendur**. Þar er lögð áhersla á að skoða kynjafræði út frá félagsvísindalegu sjónarhorni. Kynjafræði er ólík flestum greinum að því leyti að við höfum öll reynslu af því að lifa í kynjuðum veruleika.

Eftirfarandi efni er tekið fyrir í vefbókinni en jafnframt verður farið út fyrir bókina og munu nemendur hafa val um efnið sem þeir vilja kynna sér frekar eða taka til umfjöllunar.

Nokkrar grunnhugmyndir í kynjafræði

Femínismi
Karlafræði
Hinsegin fræði
Kynin og fjölmiðlar
Kynjatvíhyggja

Einnig verður notast við annað efni bæði netsíður, hlaðvörp og efni frá kennara.

Námsmat

Námsmat er símat og byggist á, þátttöku í tímum, tímaverkefnum, hópverkefnum, leshugleiðingum, hlutaprófum og fyrirlestri (eða sambærilegu verkefni).

Mikilvægt er að nemendur taki virkan þátt í tímum, til dæmis með því að taka þátt í umræðum og hópverkefnum sem eru unnin í tímum.

Nemendur eru einnig hvattir til að koma með innlegg í umræðuna og geta með því haft áhrif á hvað er til umfjöllunar hverju sinni.

Kennari: Margrét Adolfsdóttir

Leikhús, bíó og bókmenntir

Lýsing á efni áfangans

Markmið áfangans er annars vegar að lesa valin íslensk bókmenntaverk og horfa á kvikmyndaáðlaganir þeirra og hins vegar að fylgjast með leikhúslífi á leikárinu 2023-2024 til þess að öðlast aukinn skilning á bókmenntum, kvikmyndum og leiklist. Fjallað verður um ólík einkenni frásagna, til að mynda glæpasögunnar, ástarsögunnar og hrollvekjunnar, með hliðsjón af bókmenntum og kvikmyndum, og velt vöngum yfir muninum á því að upplifa frásögn við lestur eða áhorf. Þá verður farið stuttlega yfir innlenda og erlenda leiklistarsögu, fylgst með æfingum á leikritum og farið á leiksýningar. Gert er ráð fyrir nokkrum heimsóknum og umræðufundum með rithöfundum og leikhúsfólki til að kynna töfra skáldskaparins, kvikmyndanna og leikhússins enn frekar.

Forkröfur

Nemandi skal hafa lokið íslensku fjórða bekkjar.

Bekkingarviðmið

Nemandinn skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

Nemandi mun kynnst ólíkum íslenskum bókmenntaverkum sem og kvikmyndaáðlögunum þeirra.

Nemandi skal kynnst fjölbreyttri flóru leikhúsa, leikrita, leikskálda, leikstjóra og annarra starfsstétta sem tengjast leikhúsi.

Nemandi skal þekkja helstu hugtök sem nýtast við umfjöllun og greiningu bókmennta, kvikmynda og leikrita.

Leikniviðmið

Nemandinn skal hafa öðlast leikni í að:

Nemandi þarf að geta rætt um allt sem viðkemur leikhúsi á gagnrýninn og sjálfstæðan hátt, hvort sem það tengist leikriti, uppsetningu, sviðsmynd, búningum, tónlist eða lýsingu.

Nemandi þarf að geta rætt um muninn á bókmenntum og kvikmyndum með hliðsjón af kenningum um aðlögun.

Nemandi þarf að geta komið þekkingu sinni á framfæri í ræðu og riti.

Hæfniviðmið

Nemandinn skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Nemandi þarf að geta greint leikverk, skáldverk og kvikmyndir.

Nemandi þarf að geta greint erindi bókmennta, kvikmynda og leikverka við okkar samtíma.

Námsmat

Símat er í þessum áfanga.

Kennarar: Guðrún Steinþórsdóttir og Guðjón Ragnar Jónasson

Myndlist

Kennd verða undirstöðuatriði í teikningu og málun.

- Í teikningu verður megináherslan á uppstillingar, umhverfisteikningu og módelteikningu, fjarviddarteikningu, og myndbyggingu. Verkefni verða í útlínuteikningu og skyggingu til að túlka ytra form, innri uppbyggingu, áferð og efniskennnd. Enn fremur verður kynnt meðferð algengustu efna og áhalda við myndræna framsetningu og úrvinnslu hugmynda.
- Í málun verða verkefni í blöndun lita og greiningu og miða þau að því að auka næmni fyrir eðli lita, samsetningu þeirra og innbyrðis verkan.

Námið í heild á að geta nýst sem undirbúningur undir frekara nám í myndlist en einnig miðar það að því að þjálfa myndlæsi og sköpun og hjálpa nemendum við að nota teikningu og annars konar myndræna framsetningu í ýmis konar skissugerð og hugmyndavinnu. Síðast en ekki síst á námið að geta aukið skilning á myndlist og auðveldað þannig nemendum að njóta hennar.

Námsmat

Námsmat byggist á símati. Athugið að þar sem námskeiðið er símatsáfangi er farið fram á fulla mætingu og kemur einkunn fyrir mætingu inn í lokaeinkunn.

Kennari: Sigríður Aðils Magnúsdóttir

Orðaforði latínu og grísku fyrir nemendur á náttúrufræðibraut

Í námskeiðinu læra nemendur undirstöðuatriði fornálanna, ekki til að ná tökum á þeim sjálfum, heldur til að auka orðaforða sinn í nútímamálum. Áherslan verður á alþjóðleg fræðiorð eins og þau birtast í ensku, en önnur svið og önnur tungumál verða líka á dagskrá.

Meðal þess sem tekið verður fyrir:

- grunnatriði í latínu og grísku
- algenga orðstofna, rætur, forskeyti og viðskeyti.
- sérhæfðan orðaforða (líffræði, læknisfræði, eðlisfræði, lögfræði o.s.frv.)
- notkun uppflattirita, handbóka og orðabóka (prentaðra og stafrænna)
- menningarsögulegt samhengi orðanna (goðsögur, trúarbrögð o.fl.)
- kynning á sanskrít, hebresku og öðrum áhugaverðum málum

Gagnlegt fyrir þau sem stefna á TOEFL, GRE eða sambærileg próf í framtíðinni og hvers kyns háskólanám hér heima sem erlendis.

Námsmat

Símat sem byggir á frammistöðu í verkefnum, skyndiprófum og virkni í tímum.

Kennari: Eiríkur G. Kristjánsson

Sálfræði

Þessum áfanga er ætlað að kynna nemendum fræðigreininna sálfræði, eðli hennar, þróun og sögu. Farið verður stuttlega yfir sögulegan bakgrunn sálfræðinnar sem fræðigreinar, helstu sálfræðistefnur, kenningarmiði og frumkvöðla sálfræðinnar og grunnhugtök sálfræðinnar. Skoðaðar verða nokkrar af helstu rannsóknum félagssálfræðinnar og kenningar lífeðlislegu sálfræðinnar um helstu geðraskanir, kenningar um nám, minni og þroska og nútímasjónarmið í sálfræði.

Lesefni

Rafrænt efni frá kennara og önnur gögn eins og netmiðlar, myndir og fleira.

Námsmat

Símat sem byggir m.a. á einu til tveimur hlutaprófum yfir veturinn, fyrirlestur (eða sambærilegt verkefni), tímaverkefni og þátttaka og mæting nemenda í tímum en ætlast er til að nemendur séu virkir í tímum til dæmis í umræðum, hópavinnu, tímaverkefnum og öðru.

Helstu markmið áfanga

- Þróun fræðigreinarinnar sálfræði
- Grundvallarhugmyndir sem móta kenningar sálfræðinnar
- Helstu frumkvöðlar sálfræðinnar
- Umfang sálfræðinnar og helstu undirgreinar
- Hagnýtt gildi sálfræði
- Hvernig sálfræðin útskýrir hugsun, hegðun og tilfinningar manneskjunnar
- Nemendur kynni sér viðfangsefni sálfræðinnar sem þeir hafa áhuga á að skoða betur og geti tjáð kunnátu sína bæði munnlega og skriflega

Kennari: Margrét Adolfsdóttir

Spænska – Borgarferð (tveir tímar á viku og ferð).

Námskeiðið er ætlað nemendum sem lokið hafa tveimur árum í spænsku. Í þessum áfanga er lögð áhersla á fjölbreytni í námsefni og sjálfstæð vinnubrögð. Leitast er við að ýta undir sjálfstæði nemenda í upplýsingaöflun og notkun ýmissa miðla. Vinnuframlag er að hluta til unnið í fjarnámi.

Á vorönn munu nemendur og kennarar fara saman í nokkurra daga ferð til Spánar og mun námsefnið tengjast viðkomandi borg, menningu, sögu og samfélagi. Lögð er áhersla á munnlega tjáningu og viðeigandi orðaforða sem mun nýtast þeim í ferðinni. Til að þjálfa þessi atriði munu nemendur taka þátt í samtalsverkefnum, halda kynningar og eiga í samskiptum við spænskumælandi fólk.

Námsmat

Námskeiðið er símatsáfangi sem byggir á frammistöðu nemenda í tímum og hóp- og einstaklingsverkefnum.

Stærðfræði fyrir málabraut

Áfanginn er hugsaður fyrir nemendur á málabraut sem gætu hugsað sér að læra viðskiptafræði eða skyld fög í háskóla. Aðalmarkmið áfangans er að gera nemendur klára í slíkt nám. Í því augnamiði er farið yfir föll, til dæmis logra, vísisföll og margliður, ferla, hnitakerfi, diffrun með áherslu á skilning og bestun.

Námsmat: Virkni í tímum, hlutapróf, hópverkefni.

Kennari: Kári Sigurðsson

Tölvunarfræði

Námslýsing

Nemendur læra hugbúnaðargerð í Java forritunarmálinu. Undirstöðuatriði forritunar eru kynnt og áhersla lögð á hlutbundna hugbúnaðargerð. Ekki er gerð krafa um fyrri reynslu af forritun.

Markmið

Nemendur geti lesið og skrifað einföld forrit og séu vel í stakk búnir til að takast á við frekara nám í tölvunarfræðum og tengdum greinum á háskólastigi.

Efnisatriði

Meðal annars er farið í breytur, klasa, aðferðir, flæði forrita með skilyrðissetningum og lykkjum, hlutbundna hönnun og viðmót.

Kennsluhættir

Kenndar eru þrjár kennslustundir á viku. Þær skiptast í fyrirlestur (ein kennslustund) og verklegan tíma (tvær samliggjandi kennslustundir). Í fyrirlesturum er farið yfir efni kennslubókar og í verklegum tímum leysa nemendur verkefni úr skyldu efni.

Kennarar: Trausti Þorgeirsson eða Steinunn María Stefánsdóttir

Umhverfisfræði, vistfræði og náttúruvá

Í áfanganum verður farið í umhverfis- og vistfræði á haustönn og náttúruvá á vorönn.

Hvað er vistfræði?

Vistfræðin fjallar um samspil lífvera, sín á milli og við umhverfi sitt. Vistfræðin kemur einnig inn á dreifingu og fjölda tegunda í vistkerfum, atferli þeirra og samskipti við umhverfið.

Við veltum fyrir okkur ýmsum spurningum t.d. hver eru helstu vistkerfi jarðarinnar? Hvað er þróun? Af hverju deyja tegundir út?

Hvað er umhverfisfræði?

Umhverfisvitund Íslendinga fer stöðugt vaxandi og hefur breyst til hins betra á undanförunum árum. Samt sem áður eigum við langt í land. Umhverfisfræði fjallar að mestu um samspil mannsins og náttúrunnar en umhverfisfræðin getur farið yfir gríðarlega vítt svið. Við ætlum að reyna að einbeita okkur á áhrif mannsins á vistkerfi, lífverur, verndun og nýtingu náttúruauðlinda.

Náttúruvá

Nauðsynlegt er að kortleggja mögulega náttúruvá í umhverfinu til þess að hægt sé að draga úr áhrifum náttúruhamfara þegar þær eiga sér stað. Dæmi um náttúruvá eru skógareldar, flóð, þurrkar, jarðskjálftar, eldgos og skriður. Við munum skoða dæmi um náttúruvá og náttúruhamfarir og hvað við getum gert til þess að undirbúa okkar undir þær.

Námsmat

Áfanginn er símatsáfangi. Mögulega verða einhverjir verklegir tímar eða heimsóknir sem geta verið utan fastrar stundatöflu.

Kennarar: Ellen Magnúsdóttir og Sigríður Árnadóttir

Viðskiptafræði

Helstu þættir námskeiðsins eru eftirfarandi:

Hautmisseri

1. Bókfærsla/reikningshald. Valin verkefni um rekstur og reikningshald yfirfarin. Færð dagbók og uppgjör fyrirtækja með mismunandi rekstrarformi í tölvuveri. Verkefnin er unnin í Excel. Farið yfir ársreikning og samstæðureikning tiltekins félags með útskýringum.
2. Fjármál einstaklinga. Hugtök og reikniformúlur sem eru mikilvæg til að geta tekið upplýstar fjárhagslegar ákvarðanir. Helstu sparnaðarform fyrir einstaklinga. Söguleg ávöxtun, áhættur og atriði sem þarf að líta til. Upplýsingar um neytendalán og atriði sem gott er að þekkja áður en fólk tekur lán

Vormisseri

1. Þjóðhagfræði.
 2. Rekstrarhagfræði.
- Farið verður yfir helstu viðfangsefni rekstrar- og þjóðhagfræðinnar, efla þekkingu á helstu lögmálum efnahagslífsins og skilning á gangverki þjóðarbúskaparins. Áhersla verður lögð á fræðilegt inntak ásamt hagnýttu gildi námsefnisins, m.a. með því að fylgjast með hagþróun og viðburðum líðandi stundar. Staðgóð þekking á rekstrar og þjóðhagfræði eflir almennan skilning á efnahagslífinu og almennri umræðu um efnahagsmál.

Meginþema námskeiðsins er að nemendur nýti sér upplýsingatækni og netið við öflun upplýsinga og lausn verkefna. Kynnt verður undirstöðuatriði í fjármálum einstaklinga, bókhalds, rekstar- og þjóðhagfræði. Sú þekking býr nemendur undir önnur námskeið sem og lífið sjálft.

Námsmat

Um er að ræða símat byggt á frammistöðu nemenda í tímaprófum, þátttöku í tímum, þátttaka í umræðum og gestaheimsóknum, verkefni um fjármál einstaklinga. Önnur greiningarverkefni og ástundun nemenda.

Kennari: Ingvar F. Ingvarsson

Þýska III: Ferðaáfangi – Ferð til Berlínar (tveir tímar á viku og ferð)

Námskeiðið er ætlað nemendum sem lokið hafa tveimur árum í þýsku og fyrir þýskunemendur í 6. bekk í máladeild. Í þessu námskeiði fer fram þýskukennsla ásamt sögu, menningu, hreyfingu, útiveru, fótbolta og landafræði. Bæði fyrir og eftir ferðina vinna nemendur verkefni um Berlín, merkisstaði, sögu, mannlíf og menningu. Áhersla verður lögð á hagnýtan orðaforða og þekkingu sem nýst gæti nemendum í þýskumælandi löndum. Áfram er unnið að aukinni færni nemenda í lesskilningi, tali, hlustun og ritun.

Markmið

Að nemendur

- geti tjáð sig skriflega og munnlega um efni sem tengist áfanganum og ferðinni.
- kynnist helstu merkisstöðum og mannlífi borgarinnar.
- kynnist sögu Berlínar á tímum kalda stríðsins (Berlínarmúrinn, Vestur- og Austur-Berlín).
- kynnist daglegu lífi borgarbúa í Berlin.
- kynnist þýskri fótbolta- og handboltamenningu.
- kynnist stjórnámum og heimsæki Reichstag.
- geti nýtt þýskukunnáttu sína í daglegum samskiptum.

Námsmat

Mikil áhersla er lögð á virkni nemenda í kennslustundum og gerðar eru strangar kröfur um mætingu og verkefnaskil. Allar skólareglur eru í fullu gildi á meðan námsferðinni stendur. Áskilinn er réttur til breytinga á námsáætlun reynist það nauðsynlegt. Í námskeiðinu er símat sem byggist á frammistöðu nemenda í tímum, hóp- og einstaklingsverkefnum. Athugið að þar sem námskeiðið er símatsáfangi er **farið fram á fulla mætingu og kemur einkunn fyrir mætingu inn í lokaeinkunn.** Nemendur bera sjálfir allan kostnað af ferðinni.

Kennari: Izabela K. Harðarson

Tónlistarnám og annað listnám

Til að nemendur geti fengið tónlistarnám metið sem valgrein þurfa þeir að hafa lokið miðstigi í hljóðfæraraleik og er það nám metið til 5 eininga. Þeir sem ljúka frekara námi geta fengið námið metið til allt að 10 eininga til viðbótar. Samsvarandi reglur gilda um annað listnám.

Með fyrirvara um breytingar